

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-016-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
05.04.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
17	1. Greinargerð og stefnumörkun 2. Fundir og samráð	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
SM 11.04.2022	SASS	Hvoll Hvolsvöllur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Thorarensen	Árborg	
Ásta Begga Ólafsdóttir	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson, Guðrún Magnúsdóttir	Bláskógabyggð	
	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshr.	
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
George Frumuselu	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson, Lilja Einarsdóttir	Rangárþing eystra	
Haraldur Birgir Haraldsson	Rangárþing ytra	
Bjarki Guðnason	Skaftárhreppur	
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Vigfús Þór Hróbjartsson	UTU	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Helgi Kjartansson, Anton Kári Halldórsson, Bjarki Guðnason	Verkefnastjórn	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson	Verkfræðistofan EFLA	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR	
Vinnuskjöl: Greinargerð	26. apríl 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 16. fundar og telst hún samþykkt.

1. Greinargerð og stefnumörkun

GG kynnti nýja uppsetningu á greinargerð og greindi frá fundi stjórnar og ráðgjafa með Skipulagsstofnun.

Orkumál

Rætt var um hvernig fjallað verði um vindorku, vindorkan ekki mikið kortlögð og virkjanakostir v. vindorku skammt á veg komnir. Rætt um friðlýsingar vegna orkuvinnslu, menn hræddir um að friðlýsingin hafi áhrif aðra nýtingu, samráð við sveitarfélög ekki mikið þegar kemur að afmörkunum svæða til friðlýsingar vegna orkuvinnslu og ekki tekið tillit til athugasemda þeirra.

Umræða var um strúktúrinn ná greinargerðinni, stikkorð s.s. sterkir innviðir hvað þýðir það. Umræða hvort ætti að nota „þjónandi innviðir“.

Samgöngur

GG fór yfir samræðu við Skipulagsstofnun um vegakerfið, sem gerði ekki athugasemdir við nálgun í samgöngukaflanum í skipulaginu. Þarf að ná samkomulagi við Vegagerðina um stefnuna.

Rætt hvort leið austan Heklu ætti að gera hærra undir höfði og setja inn sem landsveg á kort, einnig hvort vegur inn í Þjórsárver vestan Þjórsár ætti að vera landsvegur.

Rætt hvort aðrir stofnvegir ættu að vera hluti af stofnvegkerfinu. GG fór yfir söguna og rökin fyrir að vegir féllu undir flokkinn *aðrir stofnvegir* (Fjallabaksleið austan Landmannalauga, og Skjaldbreiðarvegur). Er í höndum sveitarfélaga hvernig vegir ættu að flokkast. Spurning hvort línuvegur austan Hvítár eigi að flokkast eins og línuvegur vestan Hvítár. Rætt um vegtengingu inn í Þórsmörk, núverandi vegur er skilgreindur landsvegur, - farið var yfir hugmyndir um að aðalinngangur í Þórsmörk gæti orðið um göngubru á yfir Markarfljót á móts við Húsadal. Gert grein fyrir að styttri tengingar séu aðrir stofnvegir. Rætt var um að línvegi austan Hvítár verði gert hærra undir höfði og skilgreindur sem landsvegur.

Áningastaðir

Spurning um hvernig Reykholt í Þjórsárdal flokkast sem áningarstaður, er núna er staðurinn flokkaður sem hálandismiðstöð

Dreifikerfi raforku og fjarskipti

Farið var yfir tillögu að stefnu um málaflokkinn, helstu spurningar varðandi Sprengisandslínu, sem gæti að hluta verið jarðstrengur, sem myndi skerða víðerni óverulega. Í aðalskipulagi Ásahrepps er gerð fyrir nokkrum mögulegum leiðum fyrir Sprengisandslínu, sem verður ákvarðað um í mati á umhverfisáhrifum.

Landslag

SM kynnti landslagsvinnuna og mat á verndargildi í framhaldi af því fjallað um víðerni og nýjustu flokkanir á þeim.

Stefna um verndarheildir

Farið var yfir tillögur um verndarheildir og uppfærða skiptingu svæðisins í verndarheildir og mannvirkjasvæði. Umræður spunnust um hálendisþjóðgarð og hvernig vel unnið svæðis-skipulag væri gott innlegg í hugmyndir um þjóðgarð.

Ábyrg nýting auðlinda

Farið yfir orkuvinnsluhluta kaflans, bent var á að gera þurfi grein fyrir hlutverki ramma-áætlunar. Stefnumörkun sett fram með mjög almennum hætti um orkumál. Í greinargerð verður sett kort með verndargildi landslags og virkjanakosta í biðflokki.

Landgræðsla og endurheimt vistgerða; farið yfir hvaða leiðir væru æskilegar í endurheimt landgæða, bæði aðferðir og plöntuval, þarf að leggja línur um hvort eigi að nota ágengar tegundir. Rætt um að ganga almennt ekki langt í hömlum. Farið yfir vefsja Grólindar og fundarmenn gerðu athugasemdir um hversu rétt gögnin væru. Farið yfir kafla um landgræðslu og settar inn athugasemdir.

2. Fundir og samráð

Næsti fundur verður 26. Apríl á Flúðum, þar sem gestir koma inn á seinni hluta fundarins. Rætt hvort Bændasamtökin eigi að koma inn til að ræða hefðbundna nýtingu. Getir fundarins verða frá:

- Þjóðgörðunum
- Umhverfisstofnun
- Kötlu jarðvangi
- Vegagerðinni
- Náttúrufræðistofnun og SHM.
- Bændasamtökunum

Fundi slitið 13:45